

Framboð til kirkjubings

Guðni Már Harðarson

1. kjördæmi vígðra
Reykjavíkurkjördæmi

Ég heiti Guðni Már Harðarson og er prestur í Lindakirkju og vígðist fyrir tuttugu árum í sumar. Ég er giftur Ásdísi Björnsdóttur enskukennara í MH og börn okkar eru þrjú: Nói Pétur, Dagmar Edda og Signý Náð.

Ég býð mig fram til Kirkjubings annað kjörtímabilið í röð. Ég hef lært mikið á þingsetunni og lagt mitt að mörkum í því að tryggja að fjárhagsáætlun kirkjunnar sé sett fram af ábyrgð, gagnsæi og réttu megin við núllið, en ég hef gegnt ábyrgðarhlutverkum bæði í fjárhagsnefnd og stjórn Þjóðkirkjunnar.

Gagnsæi í fjárhagsgerð og bókhaldi

Fyrir mér er mikilvægt að spyrja málefnalegra spurninga og veita aðhald. Þjóðkirkjunnar eru falin mikilvæg verkefni og okkur ber að hugsa vel um hvernig við nýtum hverja krónu.

Ég hef lagt fram ýmis mál á ráðgjafarandri þingi. Ég lagði fram mál er snýr að innri endurskoðun Þjóðkirkjunnar. Ég lagði fram tillögu ásamt góðu fólki um að bókhald Þjóðkirkjunnar sé opið eins og þekkt hjá sveitarfélögum það er í vinnslu.

Aukum þátt ungs fólks

Stundum er sagt að án Unga fólksins verði kirkjan gömul og hef ég verið talsmaður þess að auka hlut og þátttöku ungs fólks og lagði í samstarfi við æskulýðsþenkjandi fólk fram nokkur mál þar að lútandi.

Fræðsluefni óháð búsetu eða stærð sókna

Fræðsluefni tengt sunnudagaskólanum er vandað og vel unnið, en vegna ólíkra stærða sókna í Þjóðkirkjunnar hafa sumar sóknir ekki getað leyft sér að fjárfesta í límmiðum og bókum fyrir sunnudagaskólann, það er óréttlátur aðstöðumunur. Ég lagði því fram tillögu sem samþykkt var að nú frá hausti 2026 verði efnið framleitt og dreift til allra safnaða, sem þess óska, þeim að kostnaðarlausu.



Skilvirkara og hagkvæmara kirkjuþing

Ég lagði fram tvær tillögur á yfirstandandi þingi um lækkaðan kostnað við kirkjuþing og úttekt á hvort hægt sé að auka skilvirkni og lækka kostnað við Kirkjuþing.

Seljum ekki frá okkur dýrmæt landssvæði

Ég hef ekki samþykkt og mun ekki samþykkja sölu landareigna kirkjunnar og tel að þegar kirkjan horfir fram til aldanna muni ekkert verða jafn verðmætt eins og landssvæði.

Bætum menningu á kirkjuþingi, dreifum valdinu

Ég lagði einnig fram tillögu, sem þekkt er víða í félagsstarfi, meðal annars hjá Prestafélagi Íslands og Hinu íslenska Biblíufélagi, en einnig hjá sambærilegum félögum með starfssemi í öllum byggðarlögum eins og hjá Rauða krossinum og KSÍ, að hámark til setu á kirkjuþingi miðist við 12 ár. Sú tillaga fékk ekki brautargengi en ég held að engum sé holt að sitja of lengi í stjórnun, það getur haft neikvæð áhrif á endurnýjum og menningu stjórneininganna.

Tryggjum fyrirsjáanleika í mönnun vígðrar þjónustu í hverju prófastdæmi

Fjárhagsnefnd hefur þrjú ár í röð kallað eftir 5 ára fjárhagsáætlun. Ég tel mikilvægt að sett verði fimm ára áætlun þar sem hvert og eitt prófastdæmi viti hversu mörg embætti í vígðri þjónustu verði úr að spila í hverju prófastdæmi til frambúðar. Það gengur ekki að seilast í að fækka embættum þegar vígðir þjónar komast á aldur eða flytja sig um set. Hér þarf að marka stefnu sem, biskupafundir, prófastar og héraðsfundir getað markað útfrá langtímasjónarmiðum og fyrirsjáanleika.

Ég býð mig aftur fram til kirkjuþings á þessu kjörtímabili og er meira en til í spjall eða að svara spurningum ef einhverjar eru.

Guðni Már Harðarson
s.6947474